

**Hitaveita Varmahlíðar. Mælingar á súrefni og
brennisteinsvetni 1998**

Magnús Ólafsson

Greinargerð MÓ-99-10

HITAVEITA VARMAHLÍÐAR

Mælingar á súrefni og brennisteinsvetni 1998

Starfsmenn Orkustofnunar mældu uppleyst súrefni og brennisteinsvetni í útrennsli við Marbæli þann 11. nóvember 1998. Mælingar voru gerðar að beiðni Páls Pálssonar veitustjóra á Sauðárkróki. Haustið áður, nánar tiltekið þann 19. nóvember 1997, var súrefni og brennisteinsvetni mælt á nokkrum stöðum í dreifikerfi Hitaveitu Varmahlíðar. Greint var frá niðurstöðum í greinargerð Orkustofnunar (MÓ-98/06). Niðurstöður allra þessara mælinga eru sýndar í töflu 1.

Tafla 1. Niðurstöður mælinga 1997 og 1998 (mg/l).

Staður	Dags.	Númer	Súrefni (O ₂)	Brennisteinsvetni (H ₂ S)
Varmahlíð VH-03 (holutoppur)	1997.11.19	1997-0736	0	1,92
Gófargil dæluhús	1997.11.19	1997-0735	0	1,85
Syðra Skörðugil inntaksgrind	1997.11.19	1997-0734	0	1,74
Marbæli inntaksgrind	1997.11.19	1997-0733	0,015	1,55
Marbæli útfall	1998-11-11	1998-0573	0	1,54

Í mælingunum haustið 1997 mældist lítilsháttar súrefni í inntaksgrind í Marbæli, en styrkur brennisteinsvetnis hár. Niðurstöður frá síðastliðnu hausti sýna að ekkert súrefni er í vatninu í stofnæð í vegarkanti þar sem mæling fór fram í útfalli á móts við Marbæli. Einhverra hluta vegna virðist því súrefni komast inn í tengigrind í Marbæli, eða nærri henni, þrátt fyrir háan styrk brennisteinsvetnis. Aðalatriðið er þó, að uppleyst súrefni mældist ekki nærri enda stofnæðarinnar.